# Efnahagsreikningur sameinaðs sjóðs 30. júní 2007

**Fjárhæðir í þúsundum króna**

**Eignir**

| | 30.06.2007 |
|---|---|
| Sjóður og innstæður í Fjármálastofnunum | 6.352.204 |
| Lán og kröfur | 49.377.739 |
| Veltufjáreignir | 5.700.936 |
| Aðrar fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur | 9.877.940 |
| Fjáreignir til sölu | 3.225.259 |
| Dóttur-, hlutdeildar- og sameignarfélög | 4.892.858 |
| Óefnislegar eignir | 175.000 |
| Rekstrarfjármunir | 939.875 |
| Fastafjármunir til sölu og eignasamstæður í sölumeðferð | 331.750 |
| Aðrar eignir | 169.988 |
| **Eignir samtals** | 81.043.549 |

**Skuldir**

| | |
|---|---|
| Skuldir við fjármálafyrirtæki | 1.776.742 |
| Almenn innlán | 30.287.210 |
| Lántaka | 15.870.183 |
| Víkjandi lán | 1.789.598 |
| Lífeyrisskuldbinding | 1.593.284 |
| Skattskuld | 2.940.286 |
| Aðrar skuldir | 853.115 |
| **Skuldir samtals** | 55.110.418 |

**Eigið fé**

| | |
|---|---|
| Stofnfé | 8.625.408 |
| Varasjóður | 17.307.723 |
| **Eigið fé samtals** | 25.933.131 |

| | |
|---|---|
| **Skuldir og eigið fé samtals** | 81.043.549 |

# Áritun endurskoðenda

Til stjórna Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og Sparisjóðs Vestfirðinga

Við höfum kannað meðfylgjandi sameiginlegan efnahagsreikning fyrir sjóðina þann 1. júlí 2007, sem jafnframt er upphafsefnahagsreikningur Sparisjóðsins í Keflavík eftir samruna félagannna þriggja. Efnahagsreikningurinn er saminn í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sýnir þær breytingar sem álitið er að samruninn muni hafa í för með sér og upphafsefnahagsreikning Sparisjóðsins í Keflavík eftir samrunann. Hinn sameiginlegi efnahagsreikningur er lagður fram af stjórnendum félaganna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Okkar ábyrgð felst í þeirri yfirlýsingu sem við gefum um upphafsefnahagsreikninginn á grundvelli könnunarinnar.

Í samræmi við samrunaáætlun stjórna félaganna er samruninn byggður á árshlutareikningum félaganna 30. júní 2007 en þeir eru áritaðir af löggiltum endurskoðendum þeirra með könnunaráritun. Þá er einnig tekið tillit til aukningar á stofnfé í Sparisjóðnum í Keflavík samkvæmt útboði sem lýkur 27. september. Þannig sameinaður efnahagsreikningur myndar stofnefnahagsreikning hins sameinaða sparisjóðs miðað við 1. júlí 2007 þrátt fyrir að stofnfjáraukningu í sjóðunum sé ekki lokið.

Að teknu tilliti til framangreindra atriða og með vísan til laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þá leiddi könnun okkar ekki annað í ljós en að efnahagsreikningurinn gefi glögga mynd af eignum og skuldum allra félaganna, þeim breytingum sem samruninn hefur í för með sér og upphafsefnahagsreikningi Sparisjóðsins í Keflavík eftir samrunann.

Reykjavík, 10. september 2007

**Deloitte**

Páll Steingrímsson
endurskoðandi